

Endurnýjun á sýnatökubíl  
jarðefnafræðideildar JHD

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-87-04

---

ENDURNÝJUN Á SÝNATÖKUBÍL JARÐEFNAFRÆÐIDEILDAR JHD

Á árinu 1980 var keyptur á jarðefnafræðideild bíll af gerðinni Ford Econoline 250, árgerð 1979, sem var sérbúinn til sýnatöku á heitu vatni og gufu og innréttaður þannig að unnt væri að vinna í honum við einfaldar efnagreiningar. Sýnataka og mælingar á efna- og gasinnihaldi jarðhitavökva er mikilvægur þáttur í jarðhitarannsóknum og rekstrar-tæknilegu eftirliti á jarðhitasvæðum. Eftirlit á jarðhitasvæðum verður að fara fram allt árið og að vetri til er ekki hægt að taka sýni nema inni í upphituðum bíl. Sýnin þarf að meðhöndla á staðnum, þynna þau, sía og blanda í þau nákvæmlega mældu magni af ákveðnum efnum. Sýrustig og rokgjörn efni þarf að mæla á staðnum eða fljótlega eftir söfnun. Við sýnatöku fjarri rannsóknarstofu þarf því að vera aðstaða í sýnatökubíl til að greina þessi efni. Sá búnaður sem til þarf er brot-hættur og vandmeðfarinn og þarf því að ganga sérstaklega frá honum í bílnum þannig að hann sé bæði varinn og aðgengilegur.

Sá bíll sem verið hefur í notkun s.l. sex ár er sjálfskiptur og með bensínvél. Var sett í hann framhjóladrif og hann klæddur og innrétt-aður. Hefur notkun bílsins gefið mjög góða raun og aðstaða til sýna-töku orðið öll önnur og betri. Eins og við er að búast varð þó fljót-lega ljóst að einstaka atriði hefðu mátt vera öðruvísi. Heppilegra hefði verið að hafa dieselvél í bílnum þar sem hann er hafður í gangi við sýnatöku sem slítur vélinni mikið, auk þess sem rekstur verður dýr. Bíllinn hefur bilað talsvert og þurft mikið viðhald. Sýnatöku-bíllinn er nú orðinn mjög slitinn og lélegur og þarf að kosta miklu til viðhalds hans á ári hverju. Innréttingar í bílnum eru einnig úr sér gengnar og þarfnast endurnýjunar. Við teljum því nauðsynlegt að endur-nýja bæði bíl og innréttingar sem fyrst.

Við endurnýjun mundi verða valin önnur tegund af bíl bæði vegna fremur slæmrar reynslu af stórum sendibíl og einnig vegna þess að hann er nú fremur dýr miðað við aðra valkosti. Bíll sömu gerðar (án klæðningar og innréttingu) kostar nú um 2,4 milljónir.

Lagt er til að kaupa Toyotu sendibíl með fjórhjóladrifi, sem yrði inn-réttaður og hækkaður toppurinn. Áætlaður kostnaður er um 2 milljónir króna og er þá miðað við fullbúinn sýnatökubíl með öllum búnaði og inn-réttingum.